Nr. 11.
24.
maí.

Boðskapur konungs

til

alþingis.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Jafnframt því, að alþingi það, sem nú á að koma saman, verður sett af landshöfðingja Vorum samkvæmt valdi því, sem Vjer allramildilegast höfum veitt honum, finnum Vjer hvöt til að færa fulltrúum Íslands þökk Vora og viðurkenning fyrir þann áhuga, er þeir hafa á hinum opinberu málefnum landsins, og að þeir láta sjer svo mjög annt um að efla heill þess með tilstyrk stjórnar Vorar.

Árangurinn af hinu síðasta alþingi er eigi síður gleðilegur vottur þessa heldur en það, sem gjörðist á alþingi næst þar á undan. Fyrir happalega eindrægni milli alþingis og stjórnarinnar hefir það tekizt á þessu þingi að koma fram mörgum mikilvægum lögum — en af þeim viljum Vjer sjerstaklega taka fram lögin um aðra skipun á skattmálum Íslands — og fleiri öðrum ráðstöfunum, sem áríðandi eru fyrir landið. Eigi síður kunnum Vjer að meta, hve reiðubúið alþingi hefir verið til þess að veita það fje, sem nauðsyn er á, eigi aðeins til hinna almennu þarfa landsins, heldur einnig til þess að framkvæma ýmisleg mikilvæg fyrirtæki, sem miða til framfara þess, en jafnframt því hefir viðlagasjóðurinn þó orðið aukinn svo, að hann hefir náð þeirri upphæð, sem viðunanleg er eptir því, sem á stendur.

Einnig í þetta skipti verða lögð fyrir alþingi mjög mikilsvarðandi lagafrumvörp, og viljum Vjer meðal þeirra sjer í lagi leiða athygli alþingis að lagafrumvarpi um skipun prestakallanna, sem miðar til að gjöra þær umbætur á kjörum presta, sem brýn nauðsyn virðist vera til, og frumvarpi til laga um endurbót á landbúnaðarmálefnum Íslands, sem eptir þráð hefir verið um langan tíma; og í sambandi hjervið verður þinginu gefið færi á, að láta í ljósi álit sitt, og gjöra uppástungu um betra fyrirkomulag á umboðsstjórn þjóðjarðanna.

Með þeirri hjartanlegu ósk, að störf þau, sem alþingi nú gengur til, megi verða til heilla og hamingju fyrir landið, heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið á Amaliuborg, 24. dag maim. 1879.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Allerhøieste Budskab

Nr. 11.
24de
Mai.

til

Althinget.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Vor kongelige Hilsen.

Idet den forestaaende Samling af Althinget ifølge Vor allerhøieste Bemyndigelse aabnes af Vor Landshøvding, føle Vi Trang til at bringe Islands Repræsentanter Vor Tak og Paaskjønnelse af den Iver og Interesse, hvormed de omfatte Landets offentlige Anliggender, og i Forening med Vor Regjering stræbe at fremme Landets Bedste.

Glædelige Vidnesbyrd herom foreligge ikke mindre fra den sidste Althingsamling, end fra den nærmest foregaaende. Ved heldig Samvirken mellem Althinget og Regjeringen er det lykkedes i denne Samling at gjennemføre mange betydningsfulde Love — blandt hvilke Vi især ville nævne Lovene om det islandske Skatteværens Omordning —, og flere andre for Landet vigtige Foranstaltninger. Ikke mindre paaskjønne Vi den Redebonhed, hvormed Althinget har bevilget de Summer, der ere nødvendige ikke blot til Landets almindelige Fornødenheder, men ogsaa til Udførelsen af flere større Foretagender, sigtende til Landets Udvikling, medens det dog har været muligt, ved Siden heraf at forøge Reservefonden saaledes, at samme har naaet en efter Omstændighederne tilfredsstillende Størrelse.

Ogsaa denne Gang vil der blive forelagt Althinget Lovforslag af megen Vigtighed, og ville Vi iblandt disse særlig anbefale til Thingets Opmærksomhed, Forslag til en Omordning af Præstekaldene, hvorved tilsigtes at tilveiebringe en saadan Forbedring i Præsternes Lønningsforhold, som maa anses for paatrængende nødvendig, samt Forslag til Lov om en længe savnet Reform i de islandske Landboforhold; og i Forbindelse hermed vil der blive givet Althinget Leilighed til at udtale sig om og fremsætte Forslag til en bedre Ordning af Administrationen af det offentlige Jordegods.

Med det hjertelige Ønske, at den Gjerning, som Althinget nu gaar til, maa blive til Held og Lykke for Landet, forblive Vi Althinget i Kongelig Naade bevaagen.

Givet paa Amalienborg, den 24de Mai 1879.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.